

Akranes 30. janúar 2018
Akraneskaupstaður

Skóla- og frístundaráð Akraneskaupstaðar
Formaður Þórður Guðjónsson

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
12.1	GJ	- 1. FEB. 2018
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
VJ	VJ	1802023

Erindi ; fjölgun skipulagsdaga um einn til tvo í leikskólum Akraneskaupstaðar

Við, undirritaðar, skólastjórar í leikskólum á Akranesi, förum hér með fram á að skipulagsdögum verði fjölgað um einn til tvo og verði með þeirri viðbót sambærilegir við það sem gildir í helstu sveitarfélögum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Á Akranesi starfa fjórir leikskólar og halda á lofti faglegu og eftirtektarverðu leikskólastarfi fyrir hönd rekstraraðila. Samt er það þannig að leikskólarnir á Akranesi búa við lakari aðstæður en skólar í nágrannasveitarfélögum þegar kemur að fjölda skipulagsdaga, tíma til faglegs samráðs og endurmenntunar starfsfólks.

Til frekari upplýsinga og glöggvunar fyrir Skóla – og frístundaráð eru settar hér fram upplýsingar frá átta sveitarfélögum um fjölda skipulagsdaga og starfsmannafunda /funda til faglegs samráðs innan skólanna.

Sveitarfélag	Skipulagsdagar	Starfsmannafundir/fundir	Annað
Akureyri	4 dagar 4 x 4 klst dagar	Ef fundir þá er tekið af $\frac{1}{2}$ degi	48 klst samtals sem skólastjóri skipuleggur – dagar, fundir
Reykjavík	6 dagar		3 x 6 dagar skipulagðir með grunnskólum í hverfinu, hinir teknir $\frac{1}{2}$ og þá 6 x yfir skólaárið 8.00-12.00
Kópavogur	5 dagar	2 x 2 klst	Ef verkefni eru í gangi fá leikskólar áætlun vegna þeirra
Árborg	5 dagar + fræðsludagur skólasviðs	4 klst til funda	Ef verkefni eru í gangi geta leikskólar sótt um viðbót vegna samráðs
Hafnarfjörður	5 dagar	4 x 2 klst	
Mosfellsbær	3 dagar + fræðsludagur skólasviðs	4 x 2 klst	
Borgarbyggð	5 dagar	4 x 2 klst	
Reykjanesbær	4 dagar 5 x 2 klst		Skertur dagur fimm sinnum frá kl: 8.00-10.00
Akranes	3 $\frac{1}{2}$ dagur + $\frac{1}{2}$ dagur mannaúðsmál	6 x 2 klst	Leikskólar taka af skipulagsdegi vegna mannaúðsdags

Eins og sést á þessum upplýsingum eru leikskólar á Akranesi við botninn þegar þessi þáttur í starfsemi leikskólanna er borinn saman. Fjölgun í fjóra daga fékkst í gegn eftir langt ferli en síðan var ákveðið að taka hálfan dag af þessum fjórða í ráðstöfun til sameiginlegs Mannauðsdags hjá starfsmönnum Akraneskaupstaðar. Í staðinn kom sjötti

starfsmannafundurinn inn (2 klst) þannig að leikskólarnir glötuðu strax 2 klst af því sem komið var.

Tveir af þessum $3 \frac{1}{2}$ skipulagsdögum eru bundnir við fyrsta virkan dag á nýju ári og þriðjudag eftir pánska. Nánast ógerlegt hefur verið að fá inn fræðslu / námskeið í byrjun árs og oft mjög erfitt fyrsta dag eftir pánska. Þessar tvær tímasetningar hamla vali skólastjóra á skipulagi fræðslu / endurmenntunar og að binda þessa tvo daga með þessum skilyrðum eru hagsmunir og þarfir leikskólanna ekki í öndvegi.

Yfirvinnuheimild leikskólanna byggir á mjög nákvæmri talningu á fjölda starfsmanna x 2 klst x 6 starfsmannafundum, engin önnur heimild til yfirvinnu er til staðar. Til að mæta þörf á afleysingum vegna fjarvista verða skólastjórar jafnvel að taka af fundartímaheimild til að leysa fjarvistir og skera niður faglegt samráð að sama skapi.

Vinna í leikskóla er erilsöm og flestir hafa fengið nægju sína eftir 8 klukkustunda vinnudag. Að eiga þá eftir að sitja starfsmannafundi fram á kvöld til að sinna faglegu starfi ásamt skipulagsvinnu og endurmati á skólastarfi er ekki aðlaðandi og má draga í efa gagnsemi þeirra enda flest sveitafélög að leggja þessa fundi af og fjölga skipulagsdögum.

Við viljum hvetja ykkur til að eiga samtal um þessar gæðastofnanir bæjarins, það einstaka starf sem þar er unnið og ekki síður þann mannað sem við eignum og búum að. Ekkert af þessu er sjálfsagt og ekkert af þessu mun lifa áfram í þessum gæðum nema að við hlúum að því og veitum næringu inn í starfseminna.

Við viljum hvetja fulltrúa í Skóla- og frístundaráði til að standa með faglegu starfi í leikskólunum og taka það skref að samþykkja fjölgun skipulagsdaga með það að leiðarljósi að leikskólarnir hér á Akranesi standi jafnfætis öðrum leikskólum þegar kemur að þessum þætti starfseminnar og hlúa þannig að mannaði og faglegu starfi skólanna.

Virðingarfallst

Anney Ágústsdóttir, skólastjóri Akraseli

Brynhildur Björg Jónsdóttir, skólastjóri Vallarseli

Ingunn Ríkharðsdóttir, skólastjóri Garðaseli

Margrét Þóra Jónsdóttir, skólastjóri Teigaseiði

Afrit sent : Valgerði Janusdóttur, sviðstjóra Skóla- og frístundasviðs